

Reykjavík, 17. janúar 2017
R16050179
1252

Borgarráð

World Scout Moot á Íslandi - Samkomulag

Lagt er til að borgarráð samþykki að gerður verði samningur við Bandalag íslenskra skáta (BÍS) vegna heimsmóts skáta (World Scout Moot) á Íslandi sem fram fer dagana 24. júlí til 2. ágúst 2017 sbr. hjálagt bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs dags. 9. janúar 2017. Reykjavíkurborg styrki mótið með 10 mkr. fjárveitingu sem nýtist til greiðslu á Laugardalshöll, aðgang í sundlaugar og söfn en að gert verði ráð fyrir að greitt verði fyrir gistingu í skólahúsnæði skv. sérstökum samningi milli skóla- og frístundasviðs og BÍS. Kostnaður greiðist af kostnaðarstað 09205 ófyrirséð. Skóla- og frístundasviði og íþróttá- og tómstundasviði verði falin gerð samnings við BÍS.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs dags. 9. janúar 2017 um World Scout Moot á Íslandi og drög að samkomulagi um heimsmót skáta.

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

World Scout Moot á Íslandi

Bandalag íslenskra skáta hefur tekið að sér að halda heimsmót skáta á aldrinum 18-25 ára, World Scout Moot 2017, skammstafað WSM 2017. Mótið fer fram dagana 24. júlí til og með 2. ágúst 2017. Búist er við allt að 5.000 skátum á mótið auk u.þ.b. 1.000 sjálfboðaliða sem munu gegna margvíslegum störfum á mótinu. Áætlað er að rúm 80% þátttakenda komi frá um 80 löndum.

Setning mótsins verður í Reykjavík, nánar til tekið í Laugardal. Dagana fyrir setningu koma skátar til landsins og gert er ráð fyrir að þeir gisti í skólum í nágrenni Laugardals. Sjálf setningin fer fram úti en Laugardalshöllin verði notuð til að flokka búnað og úthluta mat til þátttakenda fyrir fyrstu fjóra daga mótsins.

Undirbúningur mótsins hefur þegar staðið yfir í fimm ár, enda um að ræða viðamesta verkefni sem skátahreyfingin á Íslandi hefur tekið að sér. Þar sem búist er við skátum frá öllum heimshornum með ólíkan menningarlegan bakgrunn, er undirbúningur mun viðameiri en ella og miklu skiptir að vandað sé til verka strax í upphafi.

Með bréfi dags. 6. janúar 2016 til Reykjavíkurborgar óskaði Bandalag íslenskra skáta eftir endurgjaldslausum afnotum af eftirfarandi aðstöðu hjá Reykjavíkurborg vegna heimsmóts skáta á aldrinum 18-25 ára í Reykjavík 25.-29. júlí 2017.

- Laugardalshöll
- Grunnskólum í Reykjavík fyrir gistingu erlendra gesta
- Opnun svæðum í borginni
- Aðgang í sundlaugar

Undirritaðir hafa tekið þátt í viðræðum við fulltrúa skátanna um mannvirki vegna þessa viðburðar.

Lagt er til við borgarráð að gerður verði samningur við Bandalag íslenskra skáta vegna þessa viðburðar, sbr. forsk. og að Reykjavíkurborg styrki mótið með 10.0 mkr. fjárveitingu sem nýtist til greiðslu á Laugardalshöll, aðgang í sundlaugar og söfn en að gert verði ráð fyrir að greitt verði fyrir gistingu í skólahúsnæði skv. sérstökum samningi milli SFS og BIS.


Helgi Grímsson


Ómar Einarsson.

World Scout Moot

Samkomulag

Bandalag íslenskra skáta (BÍS) og Reykjavíkurborg gera með sér svohljóðandi samkomulag varðandi World Scout Moot sem haldið verður á Íslandi 2017.

1.

Reykjavíkurborg mun styrkja mótið með endurgjaldslausum afnotum af húsnæði Íþrótt- og sýningarhallarinnar og vegna sundlauga o.fl. skv. nánara samkomulagi og kostnaðaráætlun á milli Bandalags íslenskra Skáta og Íþrótt- og tómsundasviðs Reykjavíkurborgar (ÍTR). ÍTR mun fyrir hönd Reykjavíkurborgar hafa umsjón með þeim hluta samningsins.

Þá fær Bandalag íslenskra skáta afnot að skólahúsnæði í Reykjavík fyrir gistingu þátttakenda skv. nánara samkomulagi við Skóla- og frístundasvið.

Þá munu skátar leggja fram vinnu við samfélags- og umhverfisþjónustu á tímabilinu 25.-29. júlí, allt að ígildi 2000 vinnustunda.

2.

Bandalag íslenskra skáta mun beita sér fyrir því að kynna Reykjavíkurborg sem best í sambandi við mótið. Meðal annars er gert ráð fyrir sérstakri kynningu í tengslum við kynningu erlendis og vegna þátttöku annarra þjóða á mótinu.

3.

Bandalag íslenskra skáta mun tryggja að merki borgarinnar verði ávallt notað í tengslum við mótið þegar það á við. Bandalag íslenskra skáta mun tryggja að Reykjavíkurborg hafi aðgang að öllu kynningarefni, fram að móti.

4.

Með undirritun samkomulags þessa er staðfestur gagnkvæmur skilningur og vilji aðila til þess að undirbúa og kynna mótið og Reykjavík sem best. Til þess að tryggja tengsl milli Bandalags íslenskra skáta og Reykjavíkurborgar verði komið á laggimar samstarfsnefnd, skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila.

Reykjavík,

2017

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki
borgarráðs

F.h. Bandalags íslenskra skáta
